

Október 2019

FÉLAK

Fréttabréf fyrir miðstigi

Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi

Vetrarstarfið er komið á fullt skrið og stærsti viðburður ársins rétt handan við hornið.

Klúbbastarf

M65 - klúbbar eru nú í fullum gangi fyrir Brekku-, Oddeyrar- og Síðuskóla.

Allir þátttakendur fengu í fyrsta tíma tólmstundabingó með sér heim og eru foreldrar hvattir til að skoða það með börnunum sínum.

M7 - M7 er klúbbur fyrir krakka í 7.bekk. Klúbburinn er þvert á skóla og má sjá nánari útskýringar á fyrirkomulagi klúbbsins á blaðsíðu 3.

Opið starf

Allir krakkar í 5.-7.bekk á Akureyri eru velkomin á öll opin hús FÉLAK óháð því í hvaða skóla þau eru.

Í hverri viku er opið hús í félagsmiðstöðinni Tróju sem staðsett er í Rósenborg og verður sú opnun á fimmtudögum frá 14:15-15:45. Í annarri hverri viku er opið hús í félagsmiðstöðvum Glerár-, Gilja-, Síðu- og Oddeyrarskóla. Tímasetningar á næstu síðu

Facebook

Við minnum á Facebook hópinn okkar sem er ætlaður foreldrum og forráðamönnum barna á miðstigi í grunnskólum Akureyrar. Hópurinn er á vegum FÉLAK og er ætlunin að nota síðuna til að miðla öllum helstu upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið á miðstigi. Slóðin á hópinn er hér að neðan og við hvetjum ykkur til að slást í hópinn..

<https://www.facebook.com/groups/825169941001241>

Danskeppni

Danskeppnin okkar verður haldin þann 16.október í Síðuskóla. Öll börn í 5.-7.bekk mega skrá sig til keppni og skiptir ekki máli hvort viðkomandi dansi einn eða í stórum hóp. Þau sem ekki vilja keppa mega endilega koma og hvetja sitt fólk áfram.

Kynning á keppninni er farin af stað og skráning fer fram á opnum húsum eða með því að senda póst á helgaberg@akureyri.is



OPIÐ HÚS Í OKTÓBER

TRÓJA/RÓSENBORG

Alla fimmtudaga kl.

14:15-15:45

ATH: lokað 17.okt



ODDEYRARSKÓLI

3.okt og 31.okt kl.

16:00-17:30



GLERÁRSKÓLI

10.okt og 24.okt kl.

16:00-17:30



Made with PosterMyWall.com

GILJASKÓLI

1. okt, 15. okt og
29.okt kl. 16:30-18:00



SÍÐUSKÓLI

8. okt og 22. okt

kl. 16:30-18:00



FÉLAK

FÉLAGSMIDSTÖÐVAR AKUREYRAR



Akureyrarbær
SAMFÉLAGSSVIÐ



M7 Haustönn 2019

Klúbbastarf er í boði fyrir 7.bekk í öllum skólum. Í vetur verður boðið upp á ýmis konar klúbba með ákveðin þema. Hver klúbbur er fimm skipti, einu sinni í viku.

Á fyrra tímabili haustannar eru eftirfarandi klúbbar í boði.

Hvað? Spilaklúbbur

Hvar? Félagsmiðstöðin Trója (Rósenborg)

Hvenær? Mánudögum frá klukkan 16:00-17:30

Angantýr og Lóa hafa umsjón með spilaklúbbi sem hittist á mánudögum og verður hægt að spila smærri og stærri spil. Allt frá því að spila á spil og upp í stærri hlutverkaleiki á borð við Dungeons & Dragons og fleira í þeim dúr.

Hámarksfjöldi: 20 manns

Hvað? Stuttmyndaklúbbur

Hvar? Staðsetning auglýst síðar

Hvenær? Fimmtudögum frá klukkan 14:30-15:30

Arnar og Lóa hafa umsjón með stuttmyndaklúbbi sem hittist á fimmtudögum. Hefur þú áhuga á kvikmyndum og langar að prófa þig áfram við að búa til kvikmyndir? Þá er þetta klúbburinn fyrir þig.

Hámarksfjöldi: 20 manns